



BYGGINGARFULLTRÚI HJÁ SNÆFELLSBÆ

Snæfellsbær er landstærsta sveitarfélagið á Snæfellsnesi með um 1.700 íbúa. Í Snæfellsbæ er vel tekið á móti nýjum íbúum og þar má finna góða leik- og grunnskóla auk öflugs félags- og íþróttalífs fyrir börn sem fullorðna. Sjávarútvegur er burðarstoð atvinnulífs í Snæfellsbæ auk ferðapjónustu enda Snæfellsjökull miðdepill sveitarfélagsins og sést víða að. Í Snæfellsbæ er boðið upp á vinnuáðstöðu fyrir störf án staðsetningar.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi fagfélags og Launanefndar sveitarfélaga. Umsóknarfrestur er til **3. maí**.

Umsóknir með ítarlegri ferilskrá og kynningarbréfi óskast fylltar út á hagvangur.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is

Snæfellsbær óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa. Byggingarfulltrúi starfar á tæknideild Snæfellsbæjar og er hlutverk hans m.a. að tryggja að starfsemi tengd byggingarmálum sé í samræmi við lög og reglugerðir og gildandi fjárhagsáætlun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Tryggja að lögum um mannvirki nr. 160/2010, skipulagslögum nr. 123/2010 og öðrum lögum og reglugerðum varðandi byggingarmál í sveitarfélaginu sé framfylgt
- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum sveitarfélagsins, þ.m.t. nýframkvæmdum og viðhaldsframkvæmdum
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Móttaka og afgreiðsla umsókna um byggingarlóðir
- Ábyrgð á skráningu mannvirkja og staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa
- Ráðgjöf og þjónusta við hagsmunaaðila

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði byggingarmála
- Löggilding sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Góð þekking og reynsla á sviði byggingarmála
- Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun er kostur
- Frumkvæði og nákvæm vinnubrögð
- Góð almenn tölvukunnátta, ásamt kunnáttu í teikniforritum
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg